



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

Reykjavík, 5. maí 2025

SFS25050015

TILLAGA

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að koma betur til móts við hagsmuni barna foreldra sem fá fjárhagsaðstoð

Lagt er til að skóla- og frístundasvið taki til skoðunar hvernig koma megi betur til móts við hagsmuni barna og ungmenna sem eiga foreldra er reisa lífsviðurværi sitt á fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar. Í þessu felst að sviðið taki málið til þverfaglegrar skoðunar, svo sem í samstarfi við önnur svið borgarinnar, t.d. velferðarsvið og menningar- og íþróttasvið. Markmið vinnunnar væri að fjölga tækifærum barna sem eiga tekjulága foreldra og háðir eru fjárhagsaðstoð borgarinnar.



Reykjavík